

## Ársskýrsla ADHD samtakanna fyrir árið 2004, lögð fram á aðalfundi 16. mars 2005.

Árið 2004 var ekki síður viðburðaríkt í sögu félagsins en árið þar á undan. Helstu viðburðir ársins eru hér til glöggvunar taldir upp í tímaröð :

- Í byrjun ársins voru fest kaup á húsnæði að **Háaleitisbraut 13** fyrir starfsemi **Sjónarhóls ráðgjafarmiðstöðvar** í samstarfi við Umhyggju, Þroskahjálp og SLF.
- ADHD samtökin festu **kaup á skrifstofu í sama húsnæði**, hið sama gerðu Umhyggja og Þroskahjálp.
- Fræðslufundur vorannar í byrjun mars vel sóttur, umfjöllunarefni fundarins **Uppeldi unglinga með ADHD – hvað er til ráða ?** Fyrirlesari Sólveig Ásgrímsd. sálfræðingur.
- Tillaga stjórnar um að **málefni fullorðinna með ADHD** heyri jafnframt undir félagið samþykkt á aðalfundi samtakanna 9. mars.
- Nafnbreytingin úr Foreldrafélag barna með AD/HD í **ADHD samtökin** samþykkt á sama aðalfundi.
- **Svava Hólmarsdóttir fulltrúi fullorðinna** með ADHD kjörin stjórnarmaður á sama aðalfundi.
- **Vefsíða ADHD samtakanna** [www.adhd.is](http://www.adhd.is) opnuð á aðalfundi.
- **Ný lög ADHD samtakanna** samþykkt á aðalfundi.
- Öll félögin flytja starfsemi sína að Háaleitisbraut 13 um vorið 2004.
- **Þorgerður Ragnarsdóttir ráðin forstöðumaður Sjónarhóls** ráðgjafarmiðstöðvar og hóf hún störf 1. ágúst 2004.
- **Hrefna Haraldsdóttir** foreldraráðgjafi hjá Þroskahjálp ráðin sem ráðgjafi á Sjónarhól.
- Sjónarhóll ráðgjafarmiðstöð opnuð um haustið 2004.
- **Anna Rós Jensdóttir ráðinn starfsmaður ADHD samtakanna** í hálfu starfi.
- **Vikulegir fundir foreldra barna með ADHD** hefja göngu sína að Sjónarhól, í umsjá Sigríðar Jónsdóttur og Erlu Kristjánsdóttur.
- Fyrsti fræðslufundur haustannar í okt. um **Félagsleg samskipti barna með ADHD** vel sóttur. Fyrirlesarar Rósa Steinsdóttir listmeðferðarfræðingur og Sólveig Guðlaugsdóttir geðhjúkrunarfræðingur.
- Annar fræðslufundur haustannar í nóv. um **Fullorðna með ADHD** sló öll aðsóknarmet í sögu félagsins. Fyrirlesari Grétar Sigurbergsson geðlæknir.
- Málefni fullorðinna með ADHD fá kynningu í fjölmiðlum.
- Mikil fjölgun nýskráninga í samtökin, þar af stór hópur fullorðinna með ADHD
- **Opunarhátíð Sjónarhóls** um miðjan nóv. vel sótt og skemmtileg.

Í byrjun ársins voru fest kaup á húsnæði að **Háaleitisbraut 13** fyrir starfsemi **Sjónarhóls ráðgjafarmiðstöðvar** í samstarfi við Umhyggju, Þroskahjálp og SLF. Landssöfnun til styrktar Sjónarhól ráðgjafarmiðstöð fyrir fjölskyldur barna með sérþarfir, skilaði nægilegu fjármagni til að hægt væri að festa kaup á því húsnæði sem stefnt var að frá byrjun að Háaleitisbraut 13. **Ríkisstjórn Íslands** hefur tryggt Sjónarhól 45 milljóna króna

rekstrarfé til þriggja ára og þrjú fyrirtæki, svokallaðir bakhjarlar Sjónarhóls, hafa ásamt Kvenfélaginu Hringnum og Pokasjóði tryggt 27 milljónir í reksturinn til þriggja ára.

ADHD samtökin festu **kaup á skrifstofu í sama húsnæði**, hið sama gerðu Umhyggja og Proskahjálp. Niðurstaða stjórnar samtakanna var að kaup á skrifstofu að Háaleitisbraut hefði í för með sér svipaðan húsnæðiskostnað fyrir samtökin og verið hafði undanfarin ár í leiguhúsnæði. Kostirnir við staðsetningu skrifstofunnar að Háaleitisbraut eru augljósir; nálægðin við Sjónarhól ráðgjafarmiðstöð, Umhyggju, Proskahjálp og SLF, samnýting á sameign s.s. fræðslusal og fundaraðstöðu kemur sér vel fyrir starfsemina.

Fræðslufundur vorannar í byrjun mars var vel sóttur, umfjöllunarefni fundarins var **Uppeldi unglinga með ADHD – hvað er til ráða ?** Fyrirlesari var Sólveig Ásgrímsdóttir sálfræðingur og forstöðumaður Stuðla. Fundurinn var vel sóttur og fyrirlesturinn birtur í næsta fréttabréfi samtakanna.

Tillaga stjórnar um að **málefni fullorðinna með ADHD** heyri jafnframt undir félagið var samþykkt á aðalfundi samtakanna 9. mars 2004. Þar með var félagið ekki lengur foreldrafélag og þess vegna var þörf á nafnbreytingu sem einnig var lögð til á sama fundi. **Nafnbreytingin** úr Foreldrafélag barna með AD/HD í **ADHD samtökin** var samþykkt á sama aðalfundi. Með þátttöku fullorðinna með ADHD í þróun félagsstarfsins er hafinn nýr kafli í sögu samtakanna sem ekki sér fyrir endann á. En gera má ráð fyrir því að fullorðnir með ADHD geti ennfrekar upplýst samfélagið um hvaða áhrif þessi taugaröskun hefur á líf og líðan einstaklinganna.

**Svava Hólmarsdóttir fulltrúi fullorðinna með ADHD** var kjörin stjórnarmaður á sama aðalfundi. Aðdragandinn að innkomu Svövu inní stjórn samtakanna var sá að formaður leitaði til Svövu vegna þess að stjórnin áleit mikilvægt að fullorðnir ættu fulltrúa í stjórninni. Hún er mjög áhugasöm um málefnið og á auðvelt með að miðla af eigin reynslu til annarra.

**Ný lög ADHD samtakanna** voru samþykkt á sama aðalfundi. Tillögur að lagabreytingu t.d. vegna innkomu fullorðinna og vegna nafnbreytingar voru lagðar fram sem og aðrar breytingartillögur.

Vefsíða ADHD samtakanna [www.adhd.is](http://www.adhd.is) var opnuð á aðalfundinum fyrir ári síðan. Samtökin hafa fengið mjög jákvæð viðbrögð á vefsíðuna, en ný vefsíða er í undirbúningi.

**Öll félögin fluttu starfsemi sína að Háaleitisbraut 13 um sumarið 2004.** ADHD samtökin, Umhyggja og Proskahjálp fluttu skrifstofur sínar að Háaleitisbraut 13 eftir að húsnæðið fékkst afhent 1. júní 2004. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra ásamt Æfingastöð SLF var þegar til staðar í húsinu.

**Þorgerður Ragnarsdóttir** var ráðinn forstöðumaður Sjónarhóls ráðgjafarmiðstöðvar og hóf hún störf 1. ágúst 2004 um leið og Sjónarhóll ráðgjafarmiðstöð var opnuð. **Hrefna Haraldsdóttir** foreldraráðgjafi hjá Proskahjálp var ráðin sem ráðgjafi á Sjónarhól. Síðar var **Guðbjörg Erla Andrésdóttir** ráðin sem móttökufulltrúi Sjónarhóls.

**Anna Rós Jensdóttir var ráðinn starfsmaður ADHD samtakanna** í hálfu starfi. Anna Rós hefur verið félagsmaður til margra ára og þekkir vel til málefna fjölskyldna barna með ADHD og skyldar raskanir. Starfið og umsýslan á skrifstofu samtakanna verður sífellt umfangsmeiri, því var orðið óhjákvæmilegt að taka þetta skref þó svo það feli í sér aukinn kostnað fyrir samtökin með launatengdum gjöldum og öllu sem fylgir slíkrri ráðningu. Steinunn Þorsteinsdóttir sem sinnt hefur upplýsinga- og fræðsluþjónustu samtakanna ásamt utanumhaldi um félagaskrá og rekstur skrifstofunnar undanfarin ár lét af störfum vorið 2004. Stjórn samtakanna þakkar Steinunni fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna.

**Vikulegir fundir foreldra barna með ADHD** hófu göngu sína um miðjan okt. í fræðslusalnum á Sjónarhól, í umsjá Sigríðar Jónsdóttur og Erlu Kristjánsdóttur. Sigríður eða Sirrý eins og hún er kölluð er varamaður í stjórn samtakanna, hún hefur sýnt mikinn áhuga á starfi samtakanna og frumkvæði. Foreldrafundirnir eru ennþá vikulega og eru mikilvægur þáttur í því grasrótastarfi sem samtökin standa fyrir.

Fyrsti fræðslufundur haustannar í okt. um **Félagsleg samskipti barna með ADHD** var vel sóttur. Fyrirlesarar voru Rósa Steinsdóttir listmeðferðarfræðingur og Sólveig Guðlaugsdóttir geðhjúkrunarfræðingur og fjölskylduráðgjafi. Fyrirlesturinn var síðan birtur í næsta fréttabréfi.

Annar fræðslufundur haustannar í nóv. um **Fullorðna með ADHD** sló öll aðsóknarmet í sögu félagsins. Fyrirlesari var Grétar Sigurbergsson geðlæknir. Salurinn í Safnaðarheimili Háteigskirkju var yfirfullur og ekki komust allir að sem vildu. Við giskum á að hátt í 250 manns hafi komist inn í salinn. Óhætt er að segja að Grétar fór á kostum í þessum fyrirlestri og gaf hann raunhæfa mynd af þessu ADHD ástandi og hvað það hefur í för með sér fyrir fullorðna bæði þegar illa fer og þegar vel gengur. Í kjölfar þessa fræðslufundar hefur fullorðnum félagsmönnum með ADHD fjölgað um nokkra hundruði, svo heildartala félagsmanna er nú komin á annað þúsund.

Það er skýlaus vilji stjórnar samtakanna að starfsemi, fjármagn og starfskraftar samtakanna verði tileinkaðir jöfnum höndum sem áður fyrr málefnum barna, unglinga og fjölskyldna sem og hinum nýja hóp fullorðinna sem hefur gengið til liðs við okkur. Við viljum því bjóða velkomna í hópinn nýskráða félagsmenn og vonum að við eigum eftir að eiga farsælt samstarf um brýnustu hagsmunamálin hverju sinni.

**Opnunarhátíð Sjónarhóls** um miðjan nóv. var vel sótt og skemmtileg. Fjöldi fólks lagði leið sína á opnunarhátíð Sjónarhóls þann 13. og 14. nóv. á liðnu ári til að skoða nýju húsakynnin að Háaleitisbraut 13. Dorrit Moussaieff og Óskar Erlendsson opnuðu húsið með því að klippa á borða að viðstöddu fjölmenni. Ávörp voru flutt í tilefni opunarinnar en þau fluttu hr. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra, Árni Magnússon félagsmálaráðherra, Ragna K. Marínósdóttir formaður stjórnar Sjónarhóls og Þórir Þorvarðarson formaður SLF. Ýmsir skemmtikraftar úr grasrót félaganna komu fram s.s. Bjöllukórinn og Blikandi stjórnur.

F.h. stjórnar ADHD samtakanna, Ingibjörg Karlsdóttir